

mála. Jafnframt er heimilt að svipta báta heimild til grásleppuveiða í tiltekinn tíma, að mati ráðuneytisins, vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa til grásleppuveiða.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 30, 21. janúar 1992, um hrognkelsaveiðar, ásamt síðari breytingu nr. 209/1992.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. janúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Egilsstaðabæ árið 1993.

1. gr.

Bæjarstjórn Egilsstaðabæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1993 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

a) Íbúðir.

Sorphirðugjald kr. 5 000 á hverja íbúð.

b) Fyrirtæki.

Sorpeyðingargjald er eftirfarandi:

Flokkur a) kr. 5 000

Flokkur b) kr. 15 000

Flokkur c) kr. 30 000

Flokkur d) kr. 60 000

Flokkur e) kr. 120 000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Egilsstaðabæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 6. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.